

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. utanríkismálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

SENT Á UMSAGNAGÁTT

Reykjavík, 21. október 2025

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993 (bókun 35), 3. mál

Félag atvinnurekenda og Íslensk-evrópska verslunarráðið (hér eftir samtökin) vísa til ofangreinds þingmáls á þingskjal 3. FA hýsir og rekur ÍEV og er hlutverk ráðsins að efla verzlunar- og viðskiptasambönd milli Íslands og Evrópusambandsins. Sérstakt viðfangsefni ráðsins er að beita sér fyrir því að rekstur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið gangi sem best og að allir aðilar samningsins standi við skuldbindingar sínar samkvæmt honum.

Samtökin lýsa yfir eindregnum stuðningi við frumvarpið. Í breytingunni felst að ef skýrt og óskilyrt lagaákvæði, sem réttilega innleiðir skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum, sé ósamrýmanlegt öðru almennu lagaákvæði skuli það fyrirnefnda ganga fram.

Í þessu felst að bætt er úr galla á innleiðingu EES-samningsins í íslensk lög, þjóðréttarskuldbindingar Íslands eru uppfylltar og réttaröryggi bæði einstaklinga og fyrirtækja er betur tryggt.

Samtökin telja EES-samninginn mikilvægasta milliríkjasamning sem gerður hefur verið í þágu íslensks atvinnulífs og samfélags. Hann hefur falið í sér gífurlegar framfarir og íslensk fyrirtæki reiða sig í sífellt ríkari mæli á þau réttindi sem þau njóta á stærsta innri markaði heims í krafti ákvæða samningsins um einsleitt efnahagssvæði. Sú staða er komin upp í íslenzku réttarkerfi, eins og lýst er í greinargerð frumvarpsins, að vegna ófullnægjandi innleiðingar EES-samningsins er einsleitni reglna á Evrópska efnahagssvæðinu ekki tryggð.

Íslensk fyrirtæki hafa jafnvel mátt una því að ákvæði meginmáls EES-samningsins, sem enginn vafi leikur á að var innleitt í íslensk lög, hafa ekki komið til skoðunar í dómsmálum þar sem önnur lagaákvæði hafa stangast á við þau. Það er því mikilvægt hagsmunamál atvinnulífsins að frumvarpið nái fram að ganga.

Eftir að málið var fyrst lagt fram á Alþingi hafa fallið mikilvægir dómar í Hæstarétti, m.a. dómurinn í svokölluðu fæðingarorlofsmáli nr. 24/2023, þar sem kemur skýrt fram sú samhljóða afstaða dómara, að núverandi 3. gr. laganna um EES feli ekki í sér almenna forgangsreglu til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands. Það er því alveg skýrt, m.a. í augum Hæstaréttar, að fólk og fyrirtæki geta ekki treyst því að geta byggt rétt sinn á ákvæðum samningsins.

Að mati samtakanna er algjörlega fráleitt að halda því fram að með frumvarpinu sé vegið að stjórnarskránni eða gengizt undir erlent vald, eins og haldið hefur verið fram í umræðunni um málið. Í fullveldi ríkja felst samningsfrelsi þeirra. Ísland hefur samið um að vera hluti af einsleitu efnahagssvæði og stjórnvöldum ber þá skylda til að standa við þær skuldbindingar sínar. Ísland getur sömuleiðis ef það svo kýs sagt upp EES-samningnum og losnað þá undan regluverki EES.

Það sem verður skýrt ef frumvarpið nær fram að ganga er að ef íslensk lög byggð á EES-samningnum og önnur íslensk lög stangast á fyrir slysi, hafa EES-ákvæðin forgang. Það tryggir einsleitt efnahagssvæði, sem er brýnt hagsmunamál íslenskra fyrirtækja.

FA og ÍEV mæla því eindregið með samþykkt frumvarpsins.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá eru þau reiðubúin að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA og ÍEV